

# **1. fundur Betadeildar starfsárið 2018 – 2019 haldinn í Brekkuskóla, 15. október 2018 kl. 19:00**

## **1. Setning fundar**

Sigríður Magnúsdóttir formaður setti fundinn og flutti kveðjur frá fjarstöddum konum. Elín kveikti á kertum og í kjölfarið fengu konur sér veitingar, matarmikla haustsúpu og nýbakað brauð í boði stjórnar. Dagskrá fundar var síðan haldið áfram meðfram borðhaldi undir stjórn Sigríðar.

## **2. Orð til umhugsunar**

Þorgerður Sigurðardóttir flutti orð til umhugsunar. Hún hafði með sér bókina *Vegurinn heim lengist með hverjum morgni* sem fjallar um samræður drengs og afa hans en báðir gera sér grein fyrir að kveðjustund þeirra nálgast. Þorgerður las nokkur brot úr bókinni sem gáfu glöggar vísbendingar um efni hennar og tilfinningar sem hún kann að vekja.

## **3. Fundargerð síðasta fundar**

Fríða las fundargerð síðasta fundar sem var aðalfundur deildarinnar, haldinn 25. maí.

## **4. Erindi frá stjórn**

- Sigríður lagði fram hugmynd stjórnar að skipulagi starfsársins og bað konur að láta vita ef einhverja hnökra væri þar að finna og ef konur vildu gera athugasemdir. Jafnframt benti hún á það nýja form í skipulaginu að einungis færi einn hópur með undirbúning og veitingar hverju sinni. Grennslast var eftir áhuga fyrir því að ræða breyttan fundartíma þ.e.a.s. að færa hann frammar t.d. að byrja að funda kl. 19:00 í stað 19:30 og var ákveðið að ræða það á næsta fundi.
- Sigríður sagði frá þeirri hugmynd stjórnar að vinna út frá því markmiði DKG: *Að fræða félagskonur um það sem efst er á baugi í efnahagsmálum, félagsmálum, stjórnámálum og menntámálum og stuðla með því að vaxandi skilningi og virkri þátttöku þeirra í samfélagi þjóðanna*. Út frá þessu sagði Sigríður að einkunnarorð okkar gætu verið *nærandi samfélag* og í þeim felist að við lítum í kringum okkur og vinnum með því samfélagi sem við búum í, kynnumst öðrum og kynnum okkur. Sigríður sagði þetta meðal annars vinnast með því að bjóða til okkar gestum eða með því að við konur

heimsækjum stofnanir og félög. Slíkt gerist einnig með því að við skipuleggjum viðburði eins og Dag kennara og notaði Sigríður tækifærið og þakkaði fulltrúum Beta deildar í undirbúningsnefnd þess viðburðar fyrir framlagið.

- Sigríður sagði frá framkvæmdaráðsfundi sem hún sat í Reykjavík þann 8. september þar sem fram fóru skemmtilegar og fróðlegar kynningar frá deildunum auk kynningar kvenna á starfi í erlendum nefndum. Sigríður sagði frá umræðu sem átti sér stað á þinginu um mögulegar breytingar á nafni samtakanna.
- Þar sem Marta gjaldkeri var fjarverandi minnti Sigríður félagskonur á félagsgjaldið og að greiðsluseðlar muni fljótlega birtast í heimabanka.
- Sigríður vakti athygli á kvennafrídeginum 24. október sem hefur að þessu sinni yfirskriftina *Breytum ekki konum, breytum samfélaginu*. Hvatt var til þátttöku á væntanlegum samstöðufundi á Ráðhústorgi um kl. 15 og ákveðið að stjórnin muni senda tölvupóst til kvenna.

## 5. Önnur mál

- Hugrún skilaði sérstakri kveðju frá Anítu sem hafði beðið hana að afhenda nýjum formanni, Sigríði Magnúsdóttur, formannsnælu.
- Í sambandi við undirbúning viðburðar á Degi kennara var bent á mikilvægi þess að setja ekki aðeins auglýsingar á samfélagsmiðla og á vinnustaði heldur nýta einnig netpóstlista deildarinnar og senda póst í vikunni fyrir viðburðinn. Greint var frá því að um 60 manns hafi mætt á samkomuna í Hömrum í Hofi. Verið er að vinna úr því efni sem þar var safnað og þær niðurstöður muni verða kynntar síðar.

## 6. Inntaka

Sigríður bauð Aðalbjörgu Bragadóttur velkomna í Betadeild með rós og góðri kynningu. Aðalbjörg flutti Laugarvatni í fyrravetur þar sem hún var í Epsilondeild. Sigríður greindi frá því að tvær af þeim þrem konum sem boðið var að ganga í deildina á síðasta starfsári sjái sér ekki fært að ganga til liðs við okkur að þessu sinni. Sigurbjörg Rún Jónsdóttir gekk formlega í deildina með inngönguathöfn eins og hefðin segir til um.

## **7. Kaffihlé, pyngjan góða og happdrætti**

Að þessu sinni kom happdrættisvinningurinn í hlut Elínar.

## **8. Gestur kvöldsins**

Anna Soffía Víkingisdóttir sérfræðingur hjá Háskólanum á Akureyri, júdóþjálfari og framgöngukona í Meetoo byltingunni kom og sagði Betakonum frá vinnu sinni í baráttumálum stelpna eða kvenna innan íþróttahreyfingarinnar. Jafnframt því sem Anna Soffía lýsti sínu starfi og hugmyndum mátti greina mikinn áhuga Betakvenna fyrir málefninu og baráttuandinn sannarlega til staðar hér. Anna Soffía fékk lof í lófa fyrir framtak sitt í málefnum kvenna í íþróttum og hvatningu um framhaldið. Í lokin afhendi Sigríður henni rós samtakanna með kæru þakklæti fyrir erindið.

## **9. Fundarslit**

Sigríður slökkti á kertum og sleit formlegum fundi um kl. 21:00.

Fundargerð ritaði Elín Elísabet Magnúsdóttir